



## **Hugmyndavinna með bekkjarfulltrúum - hópastarf** **Hvað geta bekkjarfulltrúar gert til að efla samstarfið**

- Efla samvinnu bekkjarfulltrúa og umsjónarkennara – koma á föstum formlegum samskiptum
- Umsjónarkennarar fylgist með að skilaboð til foreldra skili sér (hann merki við)
- Úrvinnsla úr foreldraviðtölum verði sérstaklega kynnt bekkjarfulltrúum/foreldrum
- Foreldrar hittist einu sinni í viku á fyrsta mánuð skólaársins (t.d. x 4 )
- Foreldrar fái tækifæri til að kynnst kennaranum utan kennslustundar /skólans
- Halda foreldrafundi utan skólans – Skátaheimilið, Íþróttahúsið - RKÍ húsið
- Foreldrar komi inn í bekkinn (í kennslustund ákveðna viku) – taki þátt t.d í lífsleikni
- Mikilvægt að foreldrar séu jákvæðir – sérstaklega þeir sem eru í forystu starfsins
- Skólanum ber að temja sér gott viðmót við foreldra (Efniviður - skólafælni?)
- Öllum sé gefinn kostur á að bjóða sig fram til ábyrgðarstarfa í foreldrasamstarfinu
- Bekkjarfulltrúar séu formlega kosnir og kynnt vel hlutverk sitt (samfella)
- Efla tengsl bekkjarfulltrúa við stjórn foreldrafélagsins og foreldraráðsins
- Bekkjarfulltrúar fundi með nemendaráðum - og kennararáði skólans
- Bekkjarfulltrúar, umsjónarkennarar og annað starfsfólk skólans stilli áttavítann
- RÓA Á SÖMU MIÐ – sama forgangsröðun
- Setja upp hugmyndabanka fyrir foreldra í anddyri skólans um það sem betur má fara og fyrir það sem fólki finnst ábótavant (kvörtunardeild)
- Nota SMS skilaboð til að boða fundi eða koma skilaboðum áfram– skjót viðbrögð
- Kjósa varamenn til allra starfa í foreldrasamfélaginu ( tryggja jafnræði bekkja)
- Fræða foreldra um hlutverk foreldraráðs, foreldrafélags og svæðaráða og útskýra aðkomu að stjórnarsýslunni.
- Nota staðarblöð til að koma skilaboðum á framfæri – stutt skilaboð til foreldra
- Leyfa ættingjum – ömmum og öfum, eldri systkinum að taka þátt í bekkjarstarfinu
- Hittast að hausti og skipuleggja bekkjarstarfið – skipta með sér verkum innan bekkjar
- Fá foreldra til að koma með eitthvað á fundi – allir hafi erindi og hlutverk
- Að foreldrar þekki hvert annað með nafni og nafn barnsins...bekkjarskrár
- Sameiginleg kvöld með foreldrum þar sem nemendur eru með uppákomur undir stjórn kennara.
- Kynna vel fyrir foreldrum niðurstöður rannsókna – og hvernig er verið að vinna með þær t.d. varðandi forföll o.fl.
- Nota MENTOR meira til að láta vita af könnunum og fleira sem er í gangi
- Umsjónarkennara kynnt betur hin ónýtta auðlind sem er í foreldrum í bekknum
- Bekkjarfulltrúar eru bara ekki “Bingóstjórar” líka “reykskynjarar”
- Forgangsráða – og lýsa upp áherslupunkta eins og “betri líðan barna”
- Kynna hvernig bekkjarfulltrúar geta komið að bekkjaranda, vinnufriður og einelti í bekknum – og stutt kennarann í starfinu.
- Einn aðili í stjórn foreldrafélagsins sjái um og sé tengiliður bekkjarfulltrúa
- Foreldrar, nemendur og umsjónarkennari geri stuttmynd um bekkinn